

Ársskýrsla Hafréttarstofnunar Íslands árið 2015.

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands. Stjórn stofnunarinnar skipuðu Stefán Haukur Jóhannesson og Birgir Hrafn Búason af hálfu utanríkisráðuneytisins, Sigurgeir Þorgeirsson og Hrefna Karlsdóttir af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, og Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson af hálfu Háskóla Íslands. Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar.

Hafréttarstofnun auglýsir árlega styrki til náms í hafrétti. Annars vegar er um að ræða styrki til framhaldsnáms í hafrétti. Veittir voru styrkir til Snjólaugar Árnadóttur vegna doktorsnáms í hafrétti við Edinborgarháskóla og Þorvalds Hrafn Yngvasonar vegna meistaranáms í hafrétti við Háskólann í Tromsø, vegna skólaársins 2015-2016.

Hins vegar er um að ræða styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 28. júní – 17. júlí í ár. Hafréttarstofnun veitti fjórum Íslendingum, Agnari Bragasyni, Gylfa Geirssyni, Helgu Guðmundsdóttur og Hrund Hafsteinsdóttur, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin fjórum einstaklingum frá þróunarríkjum styrki til þátttöku í námskeiðinu.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annarri viku námskeiðsins í ár.

Hafréttarstofnun stóð fyrir málstofu í Sameinuðu þjóðunum í New York í júní til að minnast 20 ára afmælis Ródos-akademíunnar í hafrétti. Forstöðumaður stýrði málstofunni sem var mjög fjölsótt og kynnti starfsemi Ródos-akademíunnar. Í kjölfarið fluttu nokkrir fyrrverandi nemendur akademíunnar, sem sátu fund á sama tíma í S.þ., fyrirlestra og var Birgir Hrafn Búason frá utanríkisráðuneytinu í þeim hópi.

Forstöðumaður þáði boð um að halda kennslufyrirlestra á sviði hafréttar í eftirfarandi stofnunum á árinu: Inaugural Session of the Diploma Programme in Law of the Sea and Maritime Law, Catholic University of Valparaiso, School of Law, Valparaiso, Chile, í apríl; Lagadeild Háskólans í Tromsø, Noregi, í september; the Second Session of the Yeosu Academy of the Law of the Sea, Yeosu, Suður-Kóreu, í október.

Forstöðumaður þáði boð um þátttöku í eftirfarandi akademískum ráðstefnum á árinu þar sem hann hélt fyrirlestra um málefni á sviði hafréttar: Conference on Challenges in the New Ocean Order: A Legal Perspective, Blue Week, Lissabon, í júní; Symposium for the Commemoration of the 20th Anniversary of the Rhodes Academy of Oceans Law and Policy, Sameinuðu þjóðunum, New York, í júní; 39th Virginia Conference, International Marine Economy: Law and Policy, Shanghai, í júní; Conference on Natural Resources and the Law of the Sea: Exploration, Allocation, and Exploitation of Natural Resources in Areas Under National Jurisdiction and Beyond, Washington DC, í desember.

Forstöðumaður ritaði á árinu fræðigreini, “Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity Beyond Areas of National Jurisdiction: A Third Implementing Agreement under the Law of the Sea Convention?”, sem birt verður í Liber Amicorum (heiðursriti) tileinkuðu Guðmundi Eiríkssyni.

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í auðlindarétti við deildina.